

Rangárþing eystra
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 21. október 2019
UST201910-126/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Eyvindarholt – Rangárþing eystra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að deiliskipulagi fyrir Eyvindarholt í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til um 4 ha svæðis sem gerir ráð fyrir byggingareitum og aðkomuvegum. Í greinargerð kemur fram að innan byggingareits B1 er heimilt að reisa allt að 6, 50 m² gestahús, innan byggingareits B2 er 216 m² íbúðarhús sem heimilt er að stækka, innan byggingareits B3 er heimilt að byggja allt að 250 m² íbúðarhús og innan byggingareits B4 er fjárhús og hlaða sem er 290 m², heimilt er að stækka húsið í allt að 350 m². Fjárhúsunum verður breytt í aðstöðu undir gistingu fyrir allt að 12 manns.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefánsson
sérfræðingur